

#### 4. Fundur Umhverfisnefndar SSNE

Teams fundur, mánudaginn 29. mars 2021, 09:00

Mætt: Salbjörg Matthíasdóttir, Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson, Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir, Ottó Elíasson og Silja Jóhannesdóttir starfsmaður nefndar.

Samþykkt var á fundi stjórnar SSNE, 13. Janúar 2021, að mynda Umhverfisnefnd SSNE þar sem sá málaflokkur kom inn nýr við gerð síðustu Sóknaráætlunar SSNE og er ein af þrem meginstoðum hennar.

##### Dagskrá

1. **Fræðsla/vinnustofa fyrir; stefnu, aðgerðir og losunarbókhald sveitarfélagana** – sjá í viðhengi tillögu frá mér varðandi upplegg að vinnustofu. Ég er búin að ræða við Snjólaugu um verð en á eftir að fá tölu frá henni. Hún er samt ekki sú eina sem gæti haft svona vinnustofu, hún var hinsvegar búin að sýna frumkvæði á dögnum með því að senda þá dagskrá sem ég lista upp í tillögunni.

Niðurstaða: Silju heimilað að fara með þessa tillögu fyrir stjórn SSNE og stefnt að þessu 28. maí 2021 leyfi Covid. Sveinn nefnir að stefnt er að hafa vinnustofu loftlagsráðs í Mývatnssveit, bara á hugmyndastigi ennþá. Passa að SÍS og UST komi að vinnustofunni á einhvern hátt. Nýta tölvupóstinn til að starta umræðunni en klára hana á teams.

Sendu eftirfarandi erindi til stjórn SSNE:

Umhverfisnefnd SSNE óskar eftir skýrum svörum frá stjórn SSNE um þá fjármuni sem veitt var til áhersluverkefnis SSNE varðandi umhverfismál og hlutverki nefndarinnar varðandi notkun þeirra. Er nefndinni treyst til þess að útdeila fjármunum í takt við áherslur verkefnisins sem listaðar eru upp hér fyrir neðan og voru samþykktar af stjórn eða óskar stjórn eftir að fá hvert verkefni sem myndast fyrir stjórnarfund til að samþykkja að útdeiling fjármuna sé í línu við verkefnið?

1. Ná yfirsýn þeirra aðgerða sem eru í gangi, áætlana og starfs/verkefnahópa og það verði til gagnagrunnur
2. Tengja saman hagaðila, eitt skref er að búa til umhverfisnefnd SSNE
3. Kortleggja aðgerðir SSNE/Eypings í umhverfismálum
4. Setja upp vettvang og stoð fyrir sveitarfélög varðandi umhverfismál og miðla áfram þeim verkefnum, tækjum og tólum sem eru víðsvegar til.
5. Endurskoða mælikvarða og markmið í Sóknaráætlun SSNE
6. Loftlagsmál. Aðstoð við sveitarfélög varðandi þau markmið sem sett eru varðandi loftlagsstefnur
7. Meðferð úrgangs, skoða þörf á uppfærslu á skýrslu frá 2018 og hvað næsta skref er.

Nefndin hefur samþykkt á fundum meðal annars að vinna að vinnustofu með framkvæmda- og umhverfisstjórum sveitarfélaga varðandi loftlagsstefnu og er að íhuga að veita hluta fjársins til að starta vinnu við hagkvæmnimat líforkuvers sem er í línu við áherslur af fundum með kjörnum fulltrúum. Vinnustofan mun kosta í kringum 300.000, það er verið að vinna að betri kostnaðaráætlun varðandi hana.

2. **Líforkuver (Guðmundur)** – hver er staðan og nú er búið að opna fyrir umsóknir í græna dregilinn. Legg til að það verði sótt um styrk í hann vegna þessa, <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/18/Opnad-a-umsoknir-um-styrki-til-ad-efla-hringrasarhagkerfid/>

Niðurstaða: Silju falið að draga vagninn í umsóknarvinnunni, það er nóg af efni til sem Guðmundur hefur unnið varðandi þetta og hægt að byggja á því í umsókn. Sótt um í nafni í SSNE. Passa að sótt sé bæði um hagkvæmnimatið og kostagreiningu jafnvel byggt á þeirri skýrslu sem var gerð 2018. Heyra í SSNV með þetta. Umsóknarfrestur til og með 30. apríl.

Þyrftum að skoða vel hvort það er hæfni hér á svæðinu hvort það er hægt að nýta í þetta ferli. Taka sérstakan fund með umhverfisnefnd þar sem við ræðum upplegg á svona vinnu.

3. **Skógrækt (Salbjörg)** – Salbjörg segir frá verkefni sem er að fara af stað hjá Landvernd, Háskólanum á Akureyri, Skógræktinni og fleirum varðandi rannsóknir á uppgræðslu með birki og lúpínu.

Niðurstaða: Fá Brynhildi Bjarnadóttur til að halda erindi um sína vinnu, opinn fundur. Silja skipuleggur það. Gríðaleg losun en miklir möguleikar til bindingar í þessum ranni. Fylgjast áfram með verkefninu. Magnús hjá Landgræðslunni, skoða það líka.

4. **Nemi sem vill komast í starfsnám** – er hægt að nýta hana í að taka saman stöðu svæðisins varðandi loftlagsmál og meðferð úrgangs, það er talsverð vinna sem Silja nær ekki að komast í. Þyrfti bara að forma það betur.

Niðurstaða: fá hana í vinnu við að safna saman gögnum og fleira.

## 5. Önnur mál

- a. **Græni dregillinn**- fleiri verkefni sem við ættum að sækja um? Hringrásarhagkerfið. Niðurstaða- Skoða verkefnið sem NÍN er í. Færa það á landshlutastigið? Silja, Salbjörg og Sveinn taka umræðuna um að færa umsóknina þangað.
- b. **Úrvinnslusjóður- Silja** átti fund með Eygerði sem situr í stjórn sjóðsins, þarna eru tækifæri til að stíga inn í varðandi raunendurvinnslu á t.d. heyrúlluplasti.
- c. **Framlög til loftlagsmála að aukast**- sjá póst frá Sveini, <https://www.bbl.is/frettir/framlog-til-loftslagsadgerda-aukin-um-milljard-a-ari?fbclid=IwAR3NAZbp1FMBsoMCdEfsiYwzhUtREygdWK29Y3gqkM17MuYdJAseJPRWQw8>
- d. Norðurslóðanetið- Ottó sagði frá hugmyndum varðandi Few nexus verkefni. Sjálfbærnivísar- fá nema í það. Ottó og Silja taka spjall um þetta í framhaldi.